

Barkabólga – Krúpp

Orsök

Krúpp er algeng sýking, sem oftast er orsökud af kvefveirum. Sjúkdómurinn er algengastur hjá 1 - 2 ára börnum, en kemur fyrir upp að 5 ára. Sjaldgæft er að eldri börn fái krúpp. Um 2/3 barna sem leita til læknis vegna krúpp eru drengir, en ekki vitað hvað veldur þessum mun milli kynja.

Einkenni

Sjúkdómsmynd er mismunandi eftir aldri.

Flest börn fá einkenni að nóttu til, en einkenni koma vegna bólgu og slímmyndunar í barka eða nærliggjandi loftvegum. Bráðaeinkenni eru oft meiri hjá yngri börnunum, þar sem þau hafa tiltölulega þrengri barka heldur en stærri börn. Börnin vakna gjarnan með sáran hvæsandi / geltandi hósta og geta jafnvel átt í erfiðleikum með öndun. Þetta gerist oft um 1 - 2 klst eftir að þau eru sofnuð. Þau eru þá oftast með hæsi og hvæsandi öndunarhljóð sem heyrir við innöndun (sog). Yfirleitt eru börnin hitalaus eða með lágan hita í byrjun sýkingar. Oft fylgir þessu vanlíðan og hræðsla

hjá barninu vegna öndunarerfiðleikanna og foreldrum er stundum verulega brugðið.

Gangur sjúkdóms

Ofangreind einkenni standa yfirleitt yfir í einn eða tvo sólarhringa, en sýkingin gengur oftast yfir á 3 - 4 dögum og eru þá kvefeinkenni algeng. Sumir börn fá eingöngu krúppeinkenni og lagast innan sólarhrings. Einkenni endurtaka sig sjaldan, en einstaka barn hefur tilhneigingu til að fá krúpp endurtekið, en þó sjaldan eftir 5 - 7 ára aldur.

Bráðameðferð

Ef barnið vaknar með andþyngsli er mikilvægt að róa það og sjá til að hátt sé undir höfði. Takið þess vegna barnið í fangið. Ef einkenni minnka ekki getur verið gott að láta barnið anda að sér fersku lofti t.d. fara með það út á svalir eða opna glugga uppá gátt. Einnig reynist stundum vel að fara með barnið inn í baðherbergi, loka að sér og láta heitt vatn renna í baðkerið, þannig að barnið andi að sér gufu. Ef einkennin minnka er gott að hafa hátt undir höfði, þegar barnið er lagt út af. Minnstu börnin má t.d. leggja í barnabílstól. Ef einkenni minnka ekki fljótlega eða eftir 30-60

mínútur á að leita til eða hafa samband við lækni. Ekki er hér um lífshættulegt ástand að ræða, en ef börnin hafa öndunarerfiðleika er hægt að gefa þeim lyf (innúðunarlyf eða steratöflur), sem minnka einkennin.

Ef þú hefur áhyggjur af ástandi barnsins
er alltaf hægt er að leita ráða á
Barnaspítala Hringsins í síma 543-1000

Krúpp - Barkabólga

hjá börnum

Höfundur:
Sigurður Kristjánsson, barnalæknir
sérgr. ofnæmi- og ónæmissjúkdómar barna

Umsjón:
Ingileif Sigfúsdóttir,
deildarstjóri

Bráðamóttaka barna 20D
Barnaspítala Hringsins

Yfirfarið:
Október 2006